

1. Búnaðarsamband Eyjafjarðar 2010

Aðalfundargerð 2010

Hliðarbæ þriðjudaginn 30. mars 2010

1. Fundarsetning og skipan starfsmanna

Sigurgeir Hreinsson formaður BSE setti fund. Sigurgeir minntist Ævars Hjartarsonar fyrrverandi framkvæmdastjóra BSE sem lést á árinu 2009. Sigurgeir skipaði Árna Arnsteinsson og Helga Steinsson fundarstjóra og Ingvar Björnsson fundarritara. Fundarstjórar tóku við fundarstjórn.

2. Skýrsla stjórnar - Sigurgeir Hreinsson, formaður

Í stjórn BSE sátu auk Sigurgeirs, Guðmundur Bjarnason Svalbarði, Helgi Þór Helgason Bakka, Þórarinn Pétursson Laufási og Svana Halldórsdóttir Melum. Svana hefur tekið sér leyfi frá störfum og situr Árni Arnsteinsson Stóra Dunhaga, varamaður hennar, í stjórn. Þá hefur Birgir Arason, Gullbrekku stigið inn sem varamaður og formenn Búnaðarsambanda Norður- og Suður-Þingeyinga hafa einnig setið fundi. Fjölmörg mál hafa hlotið umfjöllun í stjórn og nefndi Sigurgeir skuldavanda bænda, skipulag leiðbeiningaþjónustunnar og búrekstur á Möðruvöllum.

Í kjölfar niðurskurðar á framlögum til búnaðarsamnings var ákveðið að hefja vinnu við endurskipulagningu leiðbeiningarstarfssemi í landbúnaði á landsvísu. Skipuð var nefnd til að móta tillögur í því efni sem bera skyldi undir búnaðarambönd landsins. Lítið varð úr starfinu og þegar á reyndi var lítil áhugi á víðtækri sameiningu þessarar starfssemi en fremur á aukinni samvinnu.

Sigurgeir fór yfir stöðu afurðamála og lýsti áhyggjum yfir því að bankar rækju stór svínabú í landinu í samkeppni við viðskiptavinum sína. Þá hafði hann áhyggjur af þeirri stöðu að í kjölfar bankahruns, með tilheyrandi efnahagsþrengingum, hefði sala minnkað á vörum með hærri framlegð.

Sigurgeir fór yfir rekstrarstöðu búa. Hvatti hann bændur til að huga að lækkun framleiðslukostnaðar og benti þar sérstaklega á kostnað við vélar og fjármagnskostnað. Þá tæpti hann á skuldastöðu bænda og aðgerðum banka og áréttaði þá kröfu að þau bú sem voru rekstrarhæf fyrir bankahrún ættu að vera það eftir fjárhagslega endurskipulagningu.

Sigurgeir rakti umsókn Íslands að Evrópusambandinu og lýsti áhyggjum sínum af markaðsmálum íslenskra bænda í þeirri samkeppni sem yrði í sambandinu. Þá nefndi hann áhyggjur af smásölumarkaði.

Að lokum þakkaði Sigurgeir bændum og starfsfólki Búgarðs samstarfið á árinu.

3. Skýrsla framkvæmastjóra - Vignir Sigurðsson

Fram kom í máli Vignis að um áramótin 2009-2010 hefðu starfað 17 manns hjá BSE í ríflega 13 stöðugildum. Búnaðarsambandið sinnir sæðingastarfssemi, bóhaldsþjónustu, kortagerð og búfjáreftirliti auk ráðgjafarþjónustu í samstarfi við BSNP og BSSP.

Auk reglubundinnar starfssemi leigir BSE út klaufskurðarbás og hefur rekstur hans gengið vel. Hefur básinn farið á 53 bæi og sinnt 1.400 kúm.

Útgáfumál voru með svipuðu sniði og fyrr, haldið var úti heimasíðu á slóðinni bugardur.is og fréttabréfið Fréttir og fróðleikur gefið út fimm sinnum. Þá var ársskýrsla

búnaðarsambandanna gefin út í breyttri mynd í sparnaðarskyni og send öllum bændum á svæðinu.

Rekstur BSE gekk nokkuð vel og í samræmi við áætlanir. Tekjur námu 114 milljónum og breyttust ekki á milli ára en gjöldin námu 112 milljónum og lækkuðu um 8 milljónir á milli áráanna 2009 og 2010. Þar munaði mestu um lækkuun launakostnaðar um 9 milljónir. Líkt og undanfarin ár er leiðbeiningahlutinn rekinn með tapi en nautgripasæðingar reknar með góðum hagnaði. Rekstur bókhaldsþjónustunnar (Bókvís ehf) gekk þokkalega og velti Bókvís 25 milljónum en afkoman var neikvæð um 1 milljón. Taldi Vignir stöðu Búnaðarsambandsins góða, félagið væri skuldlaust og ætti fasteign að Óseyri 2 sem búið væri að endurnýja að miklu leyti. Hins vegar væri mikil óvissa um Búnaðarlagasamning bænda og ríkisvaldsins en um 20% heildartekna koma sem framlög þaðan. Enn væri ósamið um framhald sammingsins og veruleg skerðing kæmi hart niður á rekstrinum. Þá væri stöðugt í gangi umræða á meðal bænda um gjaldtöku búnaðargjalds og ráðstöfun þess.

Fram kom í máli Vignis að Búnaðarsamband Eyjafjarðar hefði sagt upp samstarfssamningi við BSSP og BSNP um ráðgjafþjónustu sem verið hefði í gildi frá árinu 2000. Í samningnum sé kveðið á að 80% búnaðargjalds búnaðarsambanda Þingeyinga renni til BSE vegna reksturs ráðgjafþjónustunnar en BSE hefur óskað eftir að þetta hlutfall verið hækkað.

Þá vék Vignir að erfiðri skuldastöðu margra bænda. Samkvæmt lauslegu mati á skuldastöðu kúabænda á starfssvæðinu er áætlað að 15% búanna séu í verulegum fjárhagsvandráðum vegna skulda og þurfi á endurskipulagningu og skuldaaðlögun að halda. Þessi bú leggja inn um fjórðung framleiddrar mjólkur á svæðinu.

Að lokum nefndi Vignir að meginverkefni næstu missera yrði að hagræða í rekstri búa og ná niður framleiðslukostnaði. Það væri eina leiðin til bættrar afkomu þar sem erfitt yrði að sækja hækkanir á afurðum á næstunni. Þar yrði að leggja áherslu á að efla innlenda fóðurframleiðslu og fóðurnýtingu.

Í lokaorðum þakkaði Vignir samstarfsfólki, stjórnnum búnaðarsambandanna og bændum fyrir gott samstarf.

4. Reikningar BSE – Vignir Sigurðsson

Rekstrartekjur BSE námu tæplega 114 milljónum og rekstrargjöld námu tæplega 112 milljónum. Rekstrarafkoma nam ríflega 2 milljónum og hagnaður að teknu tilliti til fjármagnstekna nam 4.086.729 kr.

Heildareignir BSE námu 95,7 milljónum og skuldir 14,8 milljónum

5. Umræður um skýrslu og reikninga

Bergvin á Áshóli spurði Sigurgeir um skuldir kúabænda vegna tækjakaupa og kvótakaupa og hvort slíkar upplýsingar lægju fyrir um skuldir sauðfjárþúa.

Sigurgeir var ekki kunnugt um hvort þessar tölur væru til varðandi sauðfjárþú.

Sigurgeir á Sigtúnum spurði um rekstrarkostnað bifreiða á ekinn km.

Gunnsteinn á Sökku spurði um aðkeypta þjónustu uppá 8,9 milljónir hvað lægi þar að baki.

Þórarinn í Laufási nefndi vegna fyrirspurnar Bergvins að ekki hefði verið unnin heildarúttekt á skuldum sauðfjárþúa. Taldi hann að mörg búanna væru í rekstrarvandráðum vegna lítillar veltu.

Vignir svaraði Sigurgeiri á Sigtúnum því til að ekki væri búið að vinna úttekt á kostnaði við km en þetta hefði verið um 30 kr/km að jafnaði og mun lægra á sæðingabílum. Þá svaraði hann spurningum um aðkeypta þjónustu uppá 8,9 milljónir og fór yfir þá þætti sem mynda þann lið.

Stefán í Fagraskógi spurði um hlutfall bænda hjá Bókvís. Jón Hlynur Sigurðsson svaraði því til að Bókvís sinnti um 100 bændum, 20-30 stórum rekstraraðilum og fjölmörgum minni aðilum.

Reikningar samþykktir samhljóða.

6. Kosningar

Stjórn og skoðunarmenn

Þórarinn Pétursson, Laufási endurkjörinn sem aðalmaður í stjórn, Árni Arnsteinsson Stóra Dunhaga og Birgir Arason Gullbrekku endurkjörnir varamenn, Elín M. Stefánsdóttir, Fellshlíð og Þórsteinn Jóhannesson, Bárðartjörn endurkjörin skoðunarmenn og Guðrún Harðardóttir, Hvassafelli og Hannes Gunnlaugsson, Hofi til vara.

Sigurgeir Hreinsson var endurkjörinn formaður BSE.

Guðmundur Bjarnason var endurkjörinn varaformaður BSE

7. Starfsemin á Möðruvöllum –Ingvar Björnsson

Ingvar gerði grein fyrir búrekstri og tilraunastarfssemi á Möðruvöllum á liðnu ári. Einkahlutafélagið Möðruvellir ehf tók við rekstri búsin á Möðruvöllum 1. maí 2009 af Landbúnaðarháskóla Íslands. Möðruvellir ehf eru í eigu Búnaðarsambanda Eyjafjarðar, Suður-Þingeyinga og Norður-Þingeyinga. Möðruvellir ehf keyptu bústofn og vélar búsin en leigja jörð, húsakost og geiðslumark. Búnaðarsamböndin lögðu fram 1.500.000 í hlutafé en bústofn og vélar eru greidd Landbúnaðarháskólanum á 5 árum. Ekki er greidd leiga í peningum en Möðruvellir ehf sjá um staðarhald og leggja til vinnu við tilraunastarfsseminu.

Fram kom að reksturinn var nokkuð þungur á árinu 2009 þar sem mjólkurframleiðsla var lítil á haustmánuðum og leggja þurfti út fyrir fóðuröflun ársins. Almennu gekk þó búreksturinn vel en sumarið 2009 störfuðu þrír starfsmenn við búið en tveir að vetrinum.

Árni Arnsteinsson spurði um hvort búið væri að gera samninga við núverandi starfsfólk á Möðruvöllum og hvort tækist að fylla kvóta. Ingvar svaraði því til að gerður hefði verið uppsegjanlegur samningur við núverandi starfsfólk sem gildir til 1. maí 2012.

Bergvin spurði um hvort stofnútsæðisrækun yrði áfram á Möðruvöllum. Ingvar svaraði því að lögð hefðu verið drög að samningi um áframhald stofnútsæðisræktunar á Möðruvöllum.

Stefán í Fagrakógi hvatti bændur í héraði til að standa myndarlega að rekstrinum.

8. Eiríkur Blöndal framkvæmdastjóri BÍ –ávarp

Eiríkur gerði að umtalsefni fjármál bænda. Hældi hann Búnaðarsamböndunum fyrir faglega vinnu og nefndi að hvergi væri efast um vinnubrögð þeirra.

Eiríkur nefndi að hægt hefði gengið að ganga frá einstökum málum en taldi að hreyfing væri að komast á þau mál. Rakti hann þá vinnu sem BÍ hefði ráðist í frá efnahagshruninu en samtökin hafa m.a. ráðið endurskoðendur og lögmenn til aðstoðar.

Búnaðarlagasamningur rennur út um næstu áramót og ósamið er við ríkið. Eiríkur nefndi þó að verkefnið færu hvergi og búnaðarsamböndin og Bændasamtökin hefðu skuldbindingum að gegna. Bændasamtökin hafa lagt fram tillögur að samningi og þrýst er á ráðherra að semja.

Stefna Bændasamtakanna varðandi umsókn í ESB er skýr gegn aðildarumsókn. Búnaðarþing ályktaði einhuga gegn umsókninni. Reiknað hefur verið út að framleiðslusamdráttur mjólkur yrði verulegur og töluverður verðsamdráttur. Þá myndi sala kindakjöts minnka og framleiðsla á svína- og alifuglakjöti leggjast af.

Af öðrum málum nefndi Eiríkur, lífeyrissjóðsmál, fæðuöryggi, fánamerkingar og fleira. Tækifæri í landbúnaði fælust í því að styrkja innviði búanna, hagræða og endurskipuleggja. Þá væru ný tækifæri í orkuframleiðslu, nýjum nytjajurtum og meðbyr frá neytendum.

9. Verðlaunaafhendingar

Sauðfjárræktarverðlaun BSE

Ólafur G. Vagnsson afhenti verðlaunin í fjarveru Sigurðar Þórs Guðmundssonar.

Ábúendur á Skriðu í Hörgárdal þau Sigríður Sverrisdóttir og Þór Jónsteinsson hljóta verðlaunin.

Nautgriparæktarverðlaun BSE

Guðmundur P. Steindórsson afhenti verðlaunin þeim Ásrúnu Árnadóttur og Sigurði Gíslasyni á Steinsstöðum II í Öxnadal.

Hvatningarverðlaun BSE

Ingibjörg Bjarnadóttir á Gnúpufelli fær hvatningarverðlaun BSE fyrir baráttu í Þjóðlendumálum.

Ingibjörg ávarpaði fundinn og hvatti bændur til að standa saman og verja ræktunarlandið til framtíðarnota.

9. Aðild Íslands að Evrópusambandinu –Benedikt Jóhannesson framkvæmdastjóri

Benedikt rakti skoðanir sínar varðandi aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Taldi hann mikilvægt að umræða um aðildarferlið væri byggð á rökum og staðreyndum. Rifjaði Benedikt upp söguna um bændareiðina á Suðurlandi árið 1905 þar sem bændur mótmæltu símanum. Taldi hann það gott dæmi um framtíðarhugsun sem hlotið hefði ósanngjarna umræðu.

Benedikt lagði áherslu á að horfa yrði á framtíðarsamhengi. Miklar breytingar hafi orðið í búskap og sveitum landsins á 20. öld og breytingar og þróun muni halda áfram. Íslendingar verði að búa sig undir það að landið verði opnað, dregið verði úr styrkjum, tollum og höftum. Landbúnaðurinn verði að standa á eigin fótum og hann standi sterkari eftir.

Benedikt taldi helstu markmið þjóðarinnar eftir hrunið vera að koma á stöðugleika, traustum gjaldmiðli og endurskoða verðtryggingu. Stærsti kosturinn við aðild að Evrópusambandinu taldi hann aðgang að evrusvæðinu.

Þá nefndi hann að allar atvinnugreinar yrðu að búa sig undir breytingar og samkeppni og það ætti eins við um landbúnaðinn. Mikilvægt væri að skoða möguleikana og setja sér markmið, samfélag framtíðarinnar yrði opið og stöðugt.

Sigurgeir Hreinsson þakkaði Benedikt og tók undir það að allir vildu stöðugleika, framfarir og samskipti við önnur lönd. Taldi Sigurgeir að bændur hefðu lagt í mikla vinnu við mat á stöðunni og stöðu íslensk landbúnaðar í Evrópusambandinu. Taldi hann augljóst að gríðarlegur samdráttur yrði í sölu og í kjölfarið framleiðslu landbúnaðarafurða.

Bjarni Guðleifsson spurði um muninn á ESB og USA og einnig hvort ESB ætlaði að koma sér upp her.

Bergvin spurði um möguleika þess að halda sérstöðu í landbúnaðarframleiðslu líkt og á Asoreyjum og Kanarí.

Stefán í Fagraskógi lýsti áhyggjum af þætti smásala eftir inngöngu. Þeir yrðu að selja innfluttar vörur en gætu skilað þeim íslensku. Stefán nefndi að stöðugleikinn væri mikilvægur landbúnaðinum. Stöðugleiki byggði á aga, skynsemi og þekkingu og það væri óháð inngöngu í ESB.

Benedikt þakkaði málefnalega umræðu. Hann taldi að breytingar á tollvernd væru óhjákvæmilegar hvort sem við gengjum í ESB eða ekki.

Benedikt svaraði Bjarna því að uppbygging ESB og USA væri mjög ólík þar sem um væri að ræða samband 27 fullvalda ríkja. Taldi hann að ekki stæði til að stofna Evrópuher.

Benedikt taldi að eitt markmið með aðildarsamningnum gæti verið að óska eftir varanlegum undanþágum líkt og í tilfellum Asoreyja.

Benedikt svaraði Stefáni því að nýta ætti tækifærið og skipta upp smásölublokkum.

Að lokum nefndi hann að horfa yrði til framtíðar varðandi íslenskan landbúnað og að bændur verði að búa sig undir frjálstræði og breytingar vegna alþjóðlegra skuldbindinga og vegna breytinga á pólitískum vilja stjórnvalda.

10. Framlagning mála og skipan nefnda

Tillögur til Allsherjarnefndar –Sigurgeir Hreinsson

1. Tillaga um endurútgáfu Byggða Eyjafjarðar.
2. Tillaga um endurnýjun Búnaðarlagasamnings.
3. Tillaga um undirbúning að sameiningu Búnaðarsambanda á starfssvæði Búgarðs.
4. Tillaga um samning við BSSP og BSNP um samstarf í ráðgjafapjónustu.

Tillögur til Fjárhagsnefndar –Árni Arnsteinsson

5. Tillaga um gjaldtöku fyrir sæðingar.
6. Tillaga um þjónustugjald ráðgjafapjónustunnar.
7. Tillaga um fjárhagsáætlun 2010.

11. Nefndarstörf og afgreiðsla mála

Allsherjarnefnd –Stefán Magnússon:

1. *Útgáfa á Bygðum Eyjafjarðar.* Aðalfundur BSE haldinn í Hlíðarbæ 30. mars 2010 hvetur stjórn BSE til þess að skoða möguleikann á að standa að nýju fyrir útgáfu á “Bygðum Eyjafjarðar” líkt og gert var 1990.

Tillaga samþykkt samhljóða.

2. *Búnaðarlagasamningur.* Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar 2010 átelur Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti svo og Fjármálaráðuneyti harðlega fyrir að vinna við endurnýjun Búnaðarlagasamnings skuli ekki vera hafin. Framlög úr samningnum er

umtalsverður hluti tekna búnaðarsambandanna, og ólíðandi að vita ekki hvort svo verður áfram.

Tillaga samþykkt samhljóða.

3. *Sameining búnaðarsambanda.* Aðalfundur BSE 2010 veitir stjórn heimild til undirbúnings á sameiningu búnaðarsambandanna á starfssvæði Búgarðs. Sameining verði borin undir aðalfund BSE 2011.

Tillaga samþykkt samhljóða.

4. *Samningur við BSSP og BSNP.* Aðalfundur BSE haldinn í Hlíðarbæ 30. mars 2010 veitir stjórn BSE fullt umboð til að semja að nýju við BSSP og BSNP um samstarf í ráðgjafafjónustu. Þess verði gætt að slíkur samningur verði sambærilegur við það sem tíðkast á öðrum búnaðarsambandssvæðum.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Fjárhagsnefnd –Sigurgeir Pálsson

5. *Gjaldtaka fyrir sæðingar.* Aðalfundur BSE 2010 leggur til að sæðingar á kvígum verði án gjaldtöku. Gjald fyrir hverja fyrstu sæðingu á kúm verði 1.000 kr.

Tillaga samþykkt samhljóða.

6. *Gjaldtaka ráðgjafafjónustunnar.* Aðalfundur BSE haldinn í Hlíðarbæ 30. mars 2010 hvetur stjórn BSE til þess að skilgreina nánar en nú er gert hvaða verkefni ráðgjafafjónustunnar skuli unnin af sameiginlegu fé og fyrir hvaða verk skuli innheimta fjónustugjald. Verði um frekari skerðingar að ræða á opinberum framlögum er ljóst að nauðsynlegt er að huga að frekari gjaldtöku til að tryggja áframhaldandi rekstur ráðgjafafjónustunnar.

Tillaga samþykkt samhljóða.

7. *Fjárhagsáætlun 2010.* Tekjur 114,6 milljónir. Gjöld 115,5 milljónir. Afkoma 400.000 kr fyrir skatta. Árgjald hækkað í 2.500 kr.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál

Stefán Magnússon spurði um afdrif tillögu frá síðasta fundi um undirgöng undir vegi fyrir búfé. Þá mæltist Stefán til þess að LbhÍ stæði fyrir námskeiði í kattasmölun.

Vignir svaraði því að auglýst hefði verið eftir ábendingum um undirgöng og þegar hefðu borist nokkrar óskir um undirgöng og búnaðarsambandið ynni í því áfram.

Stefán brýndi fyrir stjórninni að flýta málinu.

13. Fundarslit

Sigurgeir Hreinsson þakkaði mönnum fundarsetuna, góðan fund og sagði fundi slitið kl. 15:15.

Skýrsla stjórnar á aðalfundi BSE

Sigurgeir B. Hreinsson f.h. stjórnar – flutt á aðalfundi 2010

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn Búnaðarsambandsins verið þannig skipuð: Sigurgeir B. Hreinsson Hríshóli formaður, Guðmundur Bjarnason Svalbarði varaformaður, Svana Halldórsdóttir Melum ritari, Þórarinn I. Pétursson Laufási og Helgi Þór Helgason Bakka. Seinustu mánuði hefur Árni Arnsteinsson Stóra Dunhaga setið stjórnarfundum sem fyrsti varamaður þar sem Svana Halldórsdóttir hefur verið í leyfi.

Stjórnin hefur haldið 7 fundum á starfsárinu, en þá sitja yfirleitt einnig formenn búnaðarsambanda Suður- og Norður Þingeyinga, þeir Jón Benediktsson og Einar Ófeigur Björnsson.

Ekki er hægt að segja að eitt mál hafi verið meira áberandi en önnur á stjórnarfundum. Hægt er að nefna skuldamál bænda, hugsanlega aðild Íslands að ESB, hugmyndir að breytingu á Búnaðargjaldi, skipulag leiðbeiningaþjónustunnar, búreksturinn á Möðruvöllum, samstarfssamning við Þingeyinga og afkomu rekstrarins svo eitthvað sé nefnt. Einnig má nefna að ég hef sótt nokkra fundum sem formaður BSE hjá BÍ, stjórnarmálaflökkum og félögum. Flestir hafa tengst hugsanlegri inngöngu Íslands í ESB.

Á formannafundi búnaðarsambandanna sem haldinn var á Þórisstöðum á Svalbarðsströnd í nóvember voru kynntar hugmyndir um sameiningu ráðgjafarþjónustunnar á landsvísi. Hugsunin þar á bakvið er tilkomin vegna ótta um samdrátt í framlögum til starfseminnar og að nauðsynlegt er að leita allra leiða til að þessi rekstur sé sem bestur. Skipuð var nefnd fjögurra formanna búnaðarsambanda, auk fulltrúa Bændasamtakanna, til að vinna málið áfram. Lítið hefur gerst í starfi nefndarinnar, og óljóst hversu mikið er hægt að spara með slíkri sameiningu. Einnig er markmið með hugsanlegum breytingum að jafna aðgengi bænda að þjónustunni, með því að hægt verði að leita eftir þjónustu milli svæða.

Staða á afurðamörkuðum hefur verið mjög misjöfn eftir búgreinum. Sala á mjólkurafurðum er mjög góð, ef miðað er við stöðuna í þjóðfélaginu, það sama er hægt að segja um nautakjöt. Sala hefur hinsvegar verið til muna erfiðari í lambakjötinu. Eitt af vandamálunum sem þar hefur verið í veginum, er allt of lágt verð á svínakjöti, sem hefur leitt til gjaldþrots tveggja af stærstu svínabúum landsins. Og í dag eru bankastofnarnir að reka svínabú í samkeppni við viðskiptavinum sína og viðhalda þar með erfiðri stöðu á markaðnum.

Afurðaverð hefur hins vegar lítið sem ekkert hækkað í langan tíma, og ákaflega erfitt að koma verðhækkunum út á markað. Ein sterkasta vísbendingin um stöðuna á markaðnum er hversu tilfærsla úr dýrari vörflokkum yfir í þá ódýrari hefur verið hröð eftir að hinar miklu þrengingar gengu yfir þjóðarbúið, það á sér stað bæði í mjólk og kjöti.

Það er ljóst að þegar til framtíðar er lítið eru okkar helstu möguleikar til betri afkomu tengdir lækkan framleiðslukostnaðar. Þegar kostnaður er greindur niður kemur í ljós að á margan hátt er okkar framleiðsla samkeppnisfær ef miðað er við nágrannalönd okkar, en afskriftir og vextir gera okkar stöðu afar erfiða í öllum samanburði. T.d. gæti mjólkurverð lækkað um 5 kr. á líter, eða afkoman batnað sem því nemur ef vextir hér lækkuðu til samræmis við það sem er á evru svæðinu.

Heildarskuldir sem tengjast mjólkurframleiðslunni eru sennilega 41-42 milljarðar sem skiptast þannig að 56% eru vegna kaupa á vélum og tækjum, 26% vegna greiðslumarkskaupa og 18% eru tilkomin út af fjárfestingu í jörð og byggingum. Þetta

segir að meðalskuldir kúabúa vegna kaupa á vélum og tækjum séu 32 milljónir. Það er afar líklegt að á þessu sviði séu möguleikar til betri rekstrar.

Í þjóðfélaginu öllu hefur verið mikil umræða um þann fjárhagsvanda sem hrjáir fjölskyldur og fyrirtæki eftir bankahrunið. Lengi hefur verið beðið eftir tillögum frá bönkunum og stjórnvöldum um leiðir út úr þeim skuldavanda sem margir eiga við að glíma. Í þeim samþykktum sem komið hafa frá fundum bænda hefur verið áberandi það lágmarksskilyrði, að þau bú sem voru rekstrarhæf fyrir hrunið eigi að vera það áfram. Þó staða margra sé erfið er þó stærri hluti búa í góðum rekstri og hóflegar skuldsettur heldur en í flestum öðrum atvinnugreinum.

Um fáar ákvarðanir hefur verið rætt jafn mikið og umsókn Ríkisstjórnar Íslands að Evrópusambandinu. Ljóst er að ef af verður er hér um afar afdrifaríka aðgerð fyrir allan landbúnað. Núverandi tollvernd er ómetanlegur stuðningur og er grunnurinn að því að afurðastöðvarnar geti greitt það verð sem er þó í dag. Eitt helsta áhyggjuefni hugsanlegrar aðildar er fákeppni á matvörumarkaði og það vald sem smásalan hefur ef til óhefts innflutnings kemur. Það má nefna að það þarf aðeins 0,5% af landskvóta Hollands í mjólk til að fylla þann hluta okkar framleiðslu sem nýtur ekki fjarlægðarverndar, en það er ekki langt frá helmingi allrar okkar framleiðslu.

Þrátt fyrir viðsjárverða tíma megum við ekki gleyma að viðhorf landsmanna til okkar framleiðslu er mjög jákvætt. Neytendur vilja íslenskar landbúnaðarvörur og framleiðsla þeirra sparar þjóðarbúinu um 100 milljónir á hverjum degi. Um 10.000 störf tengjast landbúnaði.

Það er pólitísk skammsýni ef eitthvað verður gert sem kippir fótunum undan þeirri matvælaframleiðslu sem hér er stunduð, á sama tíma og vantar sífellt meira uppá að hægt sé að brauðfæða alla jarðarbúa.

Í aðalfundarræðu hef ég áður sagt að uppi séu óvissutímar, eitt er víst að það hefur ekki lagast. Þó vissulega geti verið hætta af völdum náttúrunnar þá er það enn sem áður svo að mesta hættan er af völdum stjórnmalamanna sem sjá mikilvægi hlutanna þannig að meiri nauðsyn sé á að til séu peningar til að leika sér með frekar en að allir hafi nægan mat til að borða.

En liðið ár hefur verið okkur á margan hátt hagstætt og við vonum það besta um framtíðina. Ég vil enda á þökkum fyrir gott samstarf til stjórnar, framkvæmdastjóra og alls starfsfólks BSE, svo og öllum bændum og búaliði.

Reikningar BSE 2009

Reikningarnir eru áritaðir af endurskoðanda, skoðunarmönnum, stjórn og framkvæmdastjóra 29. mars 2010. Hér birtast rekstrar- og efnahagsreikningur ársins 2009 ásamt sundurliðunum. Áhugasömum sem vilja sjá reikningana í heild sinni er bent á að hafa samband við Búgarð.

Rekstrarreikningur			
	Skýr.	2009	2008
REKSTRARTEKJUR			
Framlög	14	73.695.523	70.771.227
Aðrar tekjur	15	40.063.025	43.400.704
		<u>113.758.548</u>	<u>114.171.931</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	16	58.551.568	67.877.308
Annar rekstrarkostnaður	17	48.733.166	47.600.479
Afskriftir fjármuna	7	4.473.686	4.852.139
		<u>111.758.420</u>	<u>120.329.926</u>
REKSTRARAFKOMA	18	2.000.128	(6.157.995)
Fjármunatekjur	4	2.207.760	2.789.563
Fjármagnsgjöld	5	(121.159)	(373.107)
AFKOMA ÁRSINS		<u>4.086.729</u>	<u>(3.741.539)</u>

Efnahagsreikningur			
	Skýr.	31.12.2009	31.12.2008
EIGNIR			
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	44.927.182	46.770.868
Eignarhlutar í dótturfélögum	8	549.281	549.281
		<u>46.476.463</u>	<u>47.320.149</u>
VELTUFJÁRMUNIR			
Viðskiptakröfur	9	23.489.350	28.762.587
Aðrar skammtímakröfur	9	10.687.481	6.384.449
Handbært fé		15.076.858	9.083.741
		<u>49.253.689</u>	<u>44.230.777</u>
EIGNIR		<u>95.730.152</u>	<u>91.550.926</u>
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR			
Óráðstafað eigið fé	10	80.934.622	80.201.924
Eigið fé		<u>80.934.622</u>	<u>80.201.924</u>
SKAMMTÍMASKULDIR			
Viðskiptaskuldir		8.970.084	8.411.119
Aðrar skammtímaskuldir	13	5.825.446	2.937.883
Skuldir		14.795.530	11.349.002
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR		<u>95.730.152</u>	<u>91.550.926</u>

Sundurliðanir

14. Framlög

	Leiðbein.- þjónusta	Nautgripa- sæðingar	Kortagerð og efnagr.	Sam- eiginlegt	Samt. 2009	Samt. 2008
Búnaðarmálasj.	24.468.825	0	0	0	24.468.825	19.917.861
Kynbóta-og þr.fé	0	25.131.902	0	0	25.131.902	23.659.381
Framl.til sauðf.	213.643	0	0	0	213.643	302.691
Framl.til hrossar.	461.250	0	0	0	461.250	458.864
Framl.til nautgr.r.	1.930.490	937.500	0	0	2.867.990	2.692.041
Framl.v.rekstrargr.	2.485.500	0	0	0	2.485.500	3.450.000
Framl.v.smáfé	0	0	0	0	0	270.000
Afkv.ranns.á sauðfé	340.000	0	0	0	340.000	320.000
Héraðþjónusta	13.857.688	2.922.376	0	0	16.780.064	15.954.057
Önnur framlög	946.349	0	0	0	946.349	3.746.332
	<u>44.703.745</u>	<u>28.991.778</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>73.695.523</u>	<u>70.771.227</u>

15. Aðrar tekjur

Húsaleiga	0	0	0	2.241.299	2.241.299	1.985.679
Egr.sam.kostn.	0	0	0	3.429.203	3.429.203	3.784.609
Útseld vinna	2.263.650	1.919.011	0	0	4.182.661	4.295.388
Búfj.elit og forðag.	5.059.066	0	0	0	5.059.066	4.107.702
Afleysingaþjón.	1.601.600	0	0	0	1.601.600	3.379.804
Ómsjarmælingar	1.333.945	0	0	0	1.333.945	1.208.200
Sæðingatollar	0	4.127.089	0	0	4.127.089	4.222.971
Sauðfj.sæð.og sv.	3.762.820	0	0	0	3.762.820	3.550.585
Skr.gj.v.kynb.hr.	1.918.974	0	0	0	1.918.974	1.405.175
DNA grein.hrs.	444.539	0	0	0	444.539	272.471
Kort og kortavinna	0	0	6.561.590	0	6.561.590	11.101.920
Seldar efnagrein.	0	0	2.021.095	0	2.021.095	1.941.315
Seldur akstur	306.115	0	0	0	306.115	747.687
Árgj.fél.manna	0	0	0	504.000	504.000	490.000
Aðrar tekjur	<u>2.275.666</u>	<u>0</u>	<u>74.044</u>	<u>219.319</u>	<u>2.569.029</u>	<u>907.207</u>
	<u>18.966.375</u>	<u>6.046.100</u>	<u>8.656.729</u>	<u>6.393.821</u>	<u>40.063.025</u>	<u>43.400.704</u>

16. Laun og launatengd gjöld

Laun	33.925.236	10.566.756	3.903.812	1.136.149	49.531.953	57.551.081
Launat.gjöld	5.873.826	2.062.728	756.521	91.488	8.784.563	10.043.452
Ýmis starfsm.t.k.	115.500	42.000	11.500	66.052	235.052	282.775
	<u>39.914.562</u>	<u>12.671.484</u>	<u>4.671.833</u>	<u>1.293.689</u>	<u>58.551.568</u>	<u>67.877.308</u>

Sundurliðanir

17. Annar rekstrarkostnaður

	Leiðbein- þjónusta	Nautgipa- sæðingar	Kortagerð og efnagr.	Sam- eiginlegt	Samt. 2009	Samt. 2008
Rafmagn og hiti	0	0	0	515.628	515.628	485.351
Fasteignagjöld	0	0	0	1.352.175	1.352.175	1.295.682
Annar kostn.fast.	0	0	0	185.134	185.134	157.200
Bifreiðastyrkir	1.451.916	21.160	60.076	460.552	1.993.704	2.865.913
Dagpeningar	1.674.442	2.225.300	370.696	1.131.006	5.401.444	5.287.000
Ferðakostnaður	302.869	0	45.480	102.743	451.092	753.772
Rekstur bifreiða	2.530.664	2.930.551	0	0	5.461.215	5.119.024
Sæðis kaup o.þ.h.	2.864.414	6.363.720	0	0	9.228.134	8.414.391
Viðh./gjaldf.áh.	227.449	213.918	60.501	36.133	538.001	1.930.553
Póstur og sími	0	0	0	1.782.179	1.782.179	1.653.711
Rekstur tölvuk.	292.485	0	154.230	1.122.498	1.569.213	967.911
Skrifstofukostn.	310.610	0	291.903	751.897	1.354.410	596.912
Húsaleiga	619.122	0	0	0	619.122	455.313
Útgáfukostn.	717.660	0	0	55.477	773.137	123.050
Námsk.og fundir	203.629	0	17.000	295.154	515.783	606.755
Aðkeypt þjónusta	3.922.744	0	1.885.604	3.135.680	8.944.028	6.106.139
Bókh.þj.frá Bókv.	0	0	0	2.776.799	2.776.799	1.843.412
Gjafir, st., risna	277.933	0	0	741.008	1.018.941	761.626
Innh.kostn., þj.gj.	600	0	0	480.612	481.612	570.537
Vátryggingar	42.688	0	0	337.179	379.867	278.440
Kaffistofa	0	0	0	586.087	525.233	525.233
Niðurf.kröfur	0	0	0	1.772.767	1.772.767	1.622.145
Gjaldfærður innsk.	137.069	0	0	249.103	386.172	0
Annar kostn.	314.685	8.200	28.157	295.880	646.922	1.528.305
	<u>15.890.979</u>	<u>11.762.849</u>	<u>2.913.647</u>	<u>18.165.691</u>	<u>48.733.166</u>	<u>47.600.479</u>

18. Samantekt deilda

Framlög	44.703.745	28.991.778	0	0	73.695.523	70.771.227
Aðrar tekjur	<u>18.966.375</u>	<u>6.046.100</u>	<u>8.656.729</u>	<u>6.393.821</u>	<u>40.063.025</u>	<u>43.400.704</u>
Tekjur alls	63.670.120	35.037.878	8.656.729	6.393.821	113.758.548	114.171.931
Laun og lt.gj.	39.914.562	12.671.484	4.671.833	1.293.689	58.551.568	67.877.308
Annar rek.kostn.	15.890.979	11.762.849	2.913.647	18.165.691	48.733.166	47.600.479
Afskr.fastafj.m.	1.173.794	737.669	0	2.562.223	4.473.686	4.852.139
Útdeilt.sameigin.	9.227.862	5.264.275	1.135.644	(15.627.782)	0	0
Gjöld alls	66.207.197	30.436.277	8.721.124	6.393.821	111.758.420	120.329.926
Rekstrarafkoma	<u>(2.537.077)</u>	<u>4.601.601</u>	<u>(64.395)</u>	<u>0</u>	<u>2.000.128</u>	<u>(6.157.995)</u>